

Helstu skattalagabreytingar 2020

Guðbjörg Þorsteinsdóttir
Skatta- og lögfræðiráðgjöf Deloitte

Skattadagurinn | 14. janúar 2020 | Harpa

Umfjöllunarefnið

1

Helstu skattalagabreytingar 2020


2

Alþjóðleg skattamál

3

Væntanlegar breytingar


Deloitte.



Skattamál
2019/2020

1 | Helstu skattalagabreytingar 2020

Sameining tollstjóra og ríkisskattstjóra 1. janúar 2020



Breytingar á tekjuskattkerfi einstaklinga 1. janúar 2020



Tekjuskattur - lækkun skatthlutfalla og skattþrepum fjölgað úr tveimur í þrjú

- | | | |
|---|--------|-------------|
| 1. Tekjuskattur af 0 – 4.042.995 kr. | 35,04% | |
| 2. Tekjuskattur af 4.042.995 - 11.350.472 kr. | 37,19% | ← Nýtt þrep |
| 3. Tekjuskattur af umfram 11.350.472 kr. | 46,24% | |



Persónuafsláttur er 54.628 kr. á mánuði – lækkaði úr 56.447 kr. á mánuði



Vaxtabætur – óbreyttar



Barnabætur – skerðingarmörk hækka

- Hjá einstæðum foreldrum úr 3,6 m.kr. á ársgrundvelli í 3,9 m.kr.
- Hjá sambúðaraðilum úr 7,2 m.kr. á ársgrundvelli í 7,8 m.kr.



Tryggingagjald lækkar um 0,25% - úr 6,60% í 6,35%

Fleiri breytingar á opinberum gjöldum

ÁFENGISGJALD



Hækkun um c.a. 3 kr. á
hvern sentilítra
(umfram 2,25 sentilítra)

TÓBAKSGJALD



Tóbaksgjald hækkar um
rúmar 12 kr. á
sígarettupakka

Tóbaksgjald á nef- og
munntóbak hækkar um
0,70 kr. á hvert gramm

ELDSNEYTI



Almennt vörugjald á
bensíni hækkar um
0,70 kr. á lítra

Sérstakt vörugjald á
bensíni hækkar um 2,70
kr. af blýlausu og
2,75 kr. af öðru bensíni

Frá og með 1. janúar 2020 eru ákveðnar höfundarréttartekjur skattlagðar eins og fjármagnstekjur



22%

Greiðslur til höfunda og/eða annarra einstaklinga sem rétthafa **vegna síðari afnota** eftir að bókmennta- eða listaverk hefur verið gert aðgengilegt almenningi, birt eða gefið út, teljast til fjármagnstekna án nokkurs frádráttar

Virðisaukaskattsívilnanir fyrir rafmagns-, vetnis- eða tengiltvinnbifreiðar verða takmarkaðar í framtíðinni



Heimild til að fella niður VSK af innflutningi og sölu tengiltvinnbifreiða gildir út árið 2022

Fjárhæðir óbreyttar 2020 en fara stiglækkandi frá 2021-2022

Heimild til að fella niður VSK af innflutningi og sölu rafmagns- og vetnisbifreiða gildir út árið 2023

Fjárhæðir hækka 2020 - 2023

VSK ívilnunin fellur niður fyrir hverja tegund þegar:

- 15.000 rafmagnsbifreiðar hafa verið skráðar
- 15.000 vetnisbifreiðar hafa verið skráðar
- 15.000 tengiltvinnbifreiðar hafa verið skráðar

En nýjar skattaívilnanir fyrir „vistvæn“ farartæki og hleðslustöðvar voru kynntar til sögunnar



Nýjar tímabundnar skattaívilnanir á árunum 2020-2023 fyrir innflutning og sölu rafmagns- og vetnisbífhjóla, léttra bífhjóla sem ganga fyrir rafmagni og reiðhjóla



Hægt að fá 100% VSK endurgreiðslu vegna vinnu manna við uppsetningu hleðslustöðvar við íbúðarhúsnæði á árunum 2020-2023



Heimild til að fella niður allan VSK af innflutningi „vistvænna“ hópbifreiða á árunum 2020-2023
VSK ívilnunin fellur niður þegar 120 slíkar bifreiðar hafa verið skráðar á ökutækjaskrá

Auk nýrra skattaívilnana fyrir vistvænar bifreiðar í atvinnurekstri



Lögaðilum eða sjálfstætt starfandi einstaklingum er á árunum 2020-2023 heimilt að fyrna „vistvæn“ ökutæki að fullu á kaupári enda séu þau skráningarskyld og að fullu nýtt í atvinnustarfseminni



Útleiga á vistvænu ökutæki sem hefur verið flutt inn á grundvelli VSK undanþágu er heimilt að telja að fullu til undanþeginnar VSK veltu hjá þeim sem hafa leyfi til að stunda eignaleigu eða fjármögnunarleigu

Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki lækkar um 0,058%



Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki (2011) – lækkar úr 0,376% í **0,318%** á heildarskuldir umfram 50 milljarða kr.

Lækkar í **0,261%** tekjuárið 2021

Lækkar í **0,203%** tekjuárið 2022



Fjársýsluskattur (2012) – viðbótar 5,5% skattur á allar tegundir launa og þóknana
Óbreyttur frá árinu 2013



Sérstakur fjársýsluskattur (2012) – viðbótar 6% tekjuskattur á stofn umfram 1 milljarð kr.
Óbreyttur frá upphafi

2 | Alþjóðleg skattamáli


Marghliða samningur um breytingar á tvísköttunarsamningum tók gildi gagnvart Íslandi 1. janúar 2020

OECD ríkin hafa frá 2013 unnið að sameiginlegri aðgerðaráætlun sem kallast BEPS (e. base erosion and profit shifting).


Markmiðið er að koma böndum á möguleika alþjóðlegra stórfyrirtækja til skattasniðgöngu á grundvelli tilflutnings hagnaðar, t.d. til lágskattaríkja.

Hinn 7. júní 2017 undirrituðu Ísland og tæplega 70 önnur ríki samtímis **marghliða samning um breytingar á tvísköttunarsamningum til að koma í veg fyrir rýrnun skattstofna og tilfærslu hagnaðar (e. multilateral instrument – MLI).**

MLI samræmir ákvæði tvísköttunarsamninga og takmarkar möguleika á nýtingu þeirra í þeim tilgangi að komast undan skattgreiðslum.



Nýr tvísköttunarsamningur á milli Norðurlandanna tók gildi 1. janúar 2020 sem innleiddi ákvæði til samræmis við BEPS og MLI



Tvísköttunarsamningur milli Norðurlandanna (Ísland, Danmörk ásamt landsstjórn Færeyja, Noregur, Finnland og Svíþjóð):

„[...] gera með sér samning til að **komast hjá tvísköttun** að því er varðar skatta á tekjur og eignir [...], án þess tækifæri skapist til að komast alfarið hjá skattlagningu eða lækka skatta með **skattundanskotum** eða **skattsvikum** (meðal annars með **misnotkun á tvísköttunarsamningum** (e. *treaty-shopping*) sem miðar að því að aðilar með heimilisfesti í ríki, sem ekki er aðili þessa samnings, öðlist ávinning af þessum samningi) [...]

Umræddum breytingum er ætlað að koma í veg fyrir misnotkun á tvísköttunarsamningum

Raunveruleikareglan - Principle Purpose Test (PPT)

Var tilgangurinn skattalegt hagræði?

Almenn raunveruleikaregla (e. anti-abuse / anti-avoidance)


Litið til efnis umfram forms og hver sé tilgangur ráðstöfunar eða viðskipta

Er einungis verið að komast hjá tvískattlagningu eða er verið að sniðganga skatta?

Huglægt mat skattyfirvalda




Margar aðgerðir og breytingar á sviði alþjóðlegra skattamála



3 | Væntanlegar breytingar

Fjöldmörg álitafni varðandi fyrirhugaðar breytingar á CFC ákvæðum



Í frumvarpi til breytinga á lögum vegna skattlagningar lögaðila í lágskattaríkjum o.fl. eru lagðar til breytingar á ákvæði 57. gr. a. tekjuskattslaganna (CFC ákvæði). CFC ákvæði tekjuskattslaganna er ætlað að heimila skattlagningu tekna lögaðila í lágskattaríkjum hér á landi.

Breytingar á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda



Í fyrirbyggjandi frumvarpi er lögð til breyting á 7. gr. staðgreiðslulaga varðandi skil á staðgreiðslu vegna útleigu á vinnuafli.



Með breytingunni telst innlendur aðili í byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð sem nýtir vinnuafli erlends aðila á grundvelli samnings um útleigu á vinnuafli eða samnings um annars konar vinnuframlag, launagreiðandi starfsmanna erlenda aðilans samkvæmt lögum þessum, enda séu tiltekin skilyrði uppfyllt

Ýmsar aðrar breytingar á skattalögum sem ekki náðist að afgreiða fyrir áramótin



Frádráttarbærni
vaxtagjalda
blandaðra
fjármálagerninga



Breyting á
búsetuskilyrðum
v. frádráttar-
heimildar
erlendra
sérfræðinga



Álagningardagur
lögaðila færður
til okt/nóv



Takmörkun á
frádráttarbærni
vaxtagjalda (Thin
cap) - 100 m.kr.
undanþága



Tvöföld refsing í
skattamálum
vegna dóma MDE



Staðgreiðsla
v. söluhagnaðar
hlutabréfa
afnumin vegna
erlenda aðila




Svigrúm fyrir
RSK að rannsaka
VSK skýrslur en
ekki skylda v.
innskatts



Tímamörk
endurákvörðunar
hjá hjónum eða
sambúðarfólki

Tímabært að endurskoða stofn til fjármagnstekjuskatts og hvata til fjárfestinga í hlutabréfum



Í lok árs 2017 var fjármagnstekjuskattur hækkaður í 22%, m.a. til að draga úr þeim mun sem var á launatekjum og fjármagnstekjum

Fram kom að samhliða yrði skattstofn fjármagnstekjuskatts tekinn til endurskoðunar. Enn liggur ekkert fyrir um þessa endurskoðun á skattstofninum.

Í dag er lítil hvati fyrir innlenda fjármagnseigendur að fjárfesta í íslenskum hlutabréfum og íslensk félög hafa takmarkaðan aðgang að fjármagni.

Þingmannafrumvarp um skattaafslátt að hámarki 250 þ.kr. (einstaklingar) / 500 þ.kr. (hjón)

Mögulegir skattahvatar fyrir einstaklinga:

- Skattaafsláttur vegna kaupa á hlutabréfum
- Frítekjumark
- Heimild til að jafna tap á sölu hlutabréfa á móti skuldabréfum, og öfugt
- Gjaldfærsla taps á hlutabréfum í gjaldþrota félagi á móti hagnaði annarra verðbréfa

Skattur	2018	2020
Laun 1. þrep	36,94%	35,04%
Laun 2. þrep	46,24%	37,19%
Laun 3. þrep	-	46,24%
Félag + arður	37,6%	37,6%

Munurinn er nú 2,56% - 0,41% hærrí á tekjur í gegnum félag vs. 1. og 2. þrepið



Deloitte vísar til eins eða fleiri aðildarfélaganna innan Deloitte Touche Tohmatsu Limited („DTTL“) og tengdra félaga. DTTL (einnig vísað til sem „Deloitte á alþjóðavísu“) og hvert aðildarfélag þess eru lagalega aðskildir og sjálfstæðir lögaðilar. DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. Fyrir frekari upplýsingar; www.deloitte.com/about.

Deloitte er leiðandi þjónustuveitandi á sviði endurskoðunar og reikningsskila, tækni- og stefnumótunarráðgjafar, fjármálaráðgjafar, áhætturáðgjafar, skatta- og lögfræðiráðgjafar og tengdrar þjónustu. Alþjóðlegt net aðildarfélaganna okkar spannar meira en 150 lönd og landssvæði. Hjá Deloitte starfa um 312.000 sérfræðingar sem stefna saman að því að veita ávallt framúrskarandi þjónustu. Deloitte ehf. er hlutdeildarfélag Deloitte NSE LLP sem er aðildarfélag Deloitte Touche Tohmatsu Limited („DTTL“).

Þessar upplýsingar eru almenns eðlis og eru Deloitte Touche Tohmatsu Limited, aðildarfélög þess og tengd félög þeirra (sameiginlega vísað til sem „Deloitte“) ekki að veita sérfræðiráðgjöf eða þjónustu við veitingu þeirra. Ráðfærðu þig við fagaðila áður en þú tekur ákvörðun eða grípur til aðgerða sem gætu haft áhrif á fjármál þín eða viðskipti. Enginn aðili innan Deloitte skal gerður ábyrgur fyrir hverskyns tjóni sem kann að verða hjá þeim sem reiðir sig á þessar upplýsingar.

© 2020 Deloitte ehf. Nánari upplýsingar má nálgast hjá Deloitte ehf.